

Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar vegna ársreiknings 2023

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2023 endurspeglar áfram traustan rekstur sveitarfélagsins. Jákvæð niðurstaða á samstæðureikningi bæjarins var um 319 m.kr sem er um 420 m.kr betri afkoma en 2022 og um 180 m.kr. betri afkoma en upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Þessi árangur næst þrátt fyrir að gjöld hækki umfram áætlun en hækkandi vextir, há verðbólga og hækkandi verðlag hefur mikil áhrif á gjaldaliði, sem og miklar framkvæmdir á vegum Akraneskaupstaðar.

Skatttekjur voru 781 milljónum króna hærri en á fyrra ári, framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu um 527 milljónir króna frá fyrra ári og aðrar tekjur hækka einnig um 306 milljónir króna. Þessi tekjuvöxtur verður þrátt fyrir það að í fjárhagsáætlun ársins 2023 var álagningarprósenta fasteignagjalda lækkuð auk þess sem leikskólagjöld og gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu hækkuðu ekkert á milli ára.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 1.177 milljónir króna eða 10,06% af heildartekjum og er það 274 milljónum króna betri niðurstaða en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Handbært fé í árslok var 372 milljónir króna en lækkar það um 433 milljónir króna á árinu vegna umtalsverðra fjárfestinga og niðurgreiðslu skulda og skuldbindinga.

Þrátt fyrir traustan rekstur bæjarfélagsins, er mikilvægt að bæjarfulltrúar séu alltaf vakandi yfir honum. Við þurfum sífellt að greina hvar tækifærin liggja og hvað er hægt að gera betur, bæði hvað varðar tekjur og útgjöld bæjarsjóðs. Tækifærin eru til staðar til að sækja fram og við bæjarfulltrúar þurfum að vera tilbúnir að taka þær ákvarðanir sem munu efla samfélag okkar til langs tíma.

Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, leggjum áherslu á að nú á yfirstandandi ári verði lokið við gerð fjárhagslegra markmiða fyrir Akraneskaupstað. Við trúum því að slík markmið verði gott og mikilvægt verkfæri fyrir bæjarstjórn, til að treysta í sessi þann árangur sem náðst hefur í rekstri kaupstaðarins á síðustu árum um leið og við höldum áfram að gera betur í uppbyggingu og þjónustu, Akurnesingum öllum til heilla.

Traustur rekstur sem einkennist af ábyrgri og traustri fjármálastjórn Akraneskaupstaðar er mikilvægur til að viðhalda þeirri sókn sem við erum í.

Samstíga bæjarstjórn á mikinn þátt í góðri útkomu og ber að þakka fyrir það góða samstarf sem við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, höfum átt við bæjarfulltrúa Framsóknar og frjálsra á kjörtímabilinu.

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Valgarður Lyngdal Jónsson

Valgarður Lyngdal Jónsson

G. Ingbór Guðjónsson

G. Ingbór Guðjónsson

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Ragnheiður Helgadóttir

Ragnheiður Helgadóttir

Kristinn Hallur Sveinsson

Kristinn H. Sveinsson